


Fréttabréf



- FIT -

Víðsýni og vöxtur
í 20 ár



VEIÐIKORTIÐ 2023

Veidikortið fyrir 2023 kom í sölu í desember eins og undanfarin ár. Kortið veitir nær ótakmarkaðan aðgang að 36 vatnasvæðum vítt og breitt um landið. Kortið kostar 8.900 krónur í almennri sölu en 5.000 krónur fyrir félagsmenn FIT. Hver félagsmaður getur keypt eitt veidikort. Glæsileg handbók fylgir kortinu.

VIÐ ERUM Á FACEBOOK

Líkaðu við facebook síðu FIT

Við minnum á að allar fréttir af **fit.is** birtast jafnóðum á Facebook síðu félagsins. Þar eru birtar meðal annars allar tilkynningar um laus orlofshús, en laus hús eru auglýst með litlum fyrirvara ef einhver hefur hætt við bókun. Þá er hægt að grípa hnossið og skella sér í bústað yfir helgi.

IDAN-FRÆÐSLUSETUR

Ný námskeið á vorönn

Við hvetjum félagsmenn til að kynna sér hvað IDAN-fræðslusetur hefur upp á að bjóða á vorönn. Á hverri önn eru fjölbreytt námskeið haldin í Iðunni, bæði sérhæfð fagnámskeið og námskeið almenns eðlis. Allar upplýsingar um námsframboð er að finna á heimasíðu Iðunnar: **idan.is**



SVEINALISTI Í BYGGINGAGREINUM

Á síðunni; <https://samidn.is/sveinalisti/> má finna lista yfir þá aðila sem hafa klárað sveinspróf í byggingagreinum.

ÚTILEGUKORTIÐ 2023

Með hækkandi sól mun Útilegukortið einnig verða til sölu á orlofsvef FIT. Athygli félagsmanna er vakin á því að Útilegukortið fyrir árið 2023 **hefur hækkað í verði um 25%**, en það verður niðurgreitt af FIT (sjá nánar um verð á fit.is). Kortið veitir tveim fullorðnum og fjórum börnum undir 16 ára aldri fría gistingu á tjaldsvæðum samstarfsaðila. Útilegukortið gildir fyrir tjöld, tjaldvagna, fellihýsi, hjólhýsi og húsbíla.

DAGBÓK 2023



Dagbókin 2023 er fánleg fyrir félagsmenn FIT. Dagbókin er með upplýsingasíður um FIT og í henni má finna ýmsan gagnlegan fróðleik. Félagsmenn geta sent okkur póst á **fit@fit.is** eða hringt í síma **535-6000**. Við munum senda ykkur eintak af bókinni strax.

FÉLAGSSKÍRTEINI

Minnum á að allir félagsmenn FIT geta sótt um félagsskírteini hér hjá okkur á Stórhöfða 31 eða sent póst á **fit@fit.is**. Félagsskírteini veita félagsmönnum afslátt hjá fjölda fyrirtækja. Flestir afsláttirnir eru á bilinu 5% til 15%. Upplýsingar um afslætti fyrirtækjanna má nálgast á **mínum síðum á fit.is**

ORLOFSHÚSABÆKLINGUR FIT 2023 ER KOMINN ÚT

Félagsmenn geta sent póst á netföngin **fit@fit.is** eða hringt í **535-6000**. Þá munum senda ykkur eintak af orlofshúsabæklingnum 2023 strax. Til leigu verða yfir 30 orlofsíbúðir úti á landi auk íbúðar í Reykjavík og hús á Flórída. Einnig er boðið upp á afslætti á ferðum með ferðaskrifstofum, afslátt vegna hótulgistinga, veiðikortið og fleira. Félagsmenn FIT eru eindregið hvattir til að nýta sér þá möguleika sem eru í boði fyrir félagsmenn FIT.



Verkefnið er verðbólgan



Hilmar Harðarson
formaður

FIT hefur að undanförnu undirbúið breytingar sem eru til þess fallnar að auka þjónustu við félagsmenn og höfða betur til ungs fólks. Liður í þeirri vegferð var opnun nýrrar heimasíðu í lok síðasta árs, síða sem er frá grunni hönnuð með hliðsjón af almennri notkun snjalltækja. Núna um mánaðamótin opnum við nýtt símaver - með nýju símanúmeri - og tökum um leið í notkun þann möguleika að hægt verður að stofna til netspjalls við starfsmann félagsins. Þessar breytingar eru til þess fallnar að mæta kröfum nútímans um óheftar boðleiðir. Nýja símanúmerið okkar er 535 6000.

Önnur lota hafin

Það var gæfuspör að tekist hafi að ná kjarasamningi sem 77% félagsmanna samþykktu í atkvæðagreiðslu í desember. Öllu máli skiptir að eiga sæti við borðið í upphafi kjaralotu þar sem línan er lögð, eins og Guðfinnur Þór Newman, framkvæmdastjóri Samiðnar, benti á í síðasta Fréttabréfi FIT. Þeim sem eftir sitja reynist afar erfitt að ná fram markmiðum sínum, eins og fréttir undanfarinna daga hafa sýnt.

Eins og kunnugt var aðeins samið til rúmlega eins árs í desember. Það var mat okkar sem sátum í samninganefndinni að lengra yrði ekki komist í þessari lotu. Verkefninu er hins vegar hvergi nærri lokið. Handan við hornið er gerð kjarasamninga fyrir hönd okkar fólks við ríki og sveitarfélög. Þar þarf að halda vel á spílunum. Auk þess er undirbúningur fyrir aðra þætti í kröfugerð okkar gagnvart einkageiranum í fullum gangi. Önnur lota er hafin. Tímasett viðræðu-áætlun fer vel af stað en markmiðið er að samtalinu um þá þætti verði lokið áður en árið rennur sitt skeið.

Kjarasamningarnir sem samþykktir voru í desember tóku aðeins á launaliðnum, enda var mikilvægt að hækka laun okkar félagsmanna tafarlaust. Hvert einasta heimili landsins hefur fundið fyrir þeim miklu verð- og gjaldskrárhækkunum sem ríðið hafa yfir að undanförnu. Það er lykilatriði að ná verðbólgunni niður og lækka vaxtastigið í landinu. Lækkun vaxta um eitt prósentustig væri strax mikil kjarabót fyrir heimilin. Það er til mikils að vinna.

Myljandi hagnaður fyrirtækja

Útreikningar Samiðnar, í aðdraganda síðustu kjarasamningslotu, sýndu fram á að hagnaður fyrirtækja í landinu hafi aukist mikið undanfarin ár. Jafnframt hefur launahlutfall hjá fyrirtækjum farið lækkandi á umliðnum árum. Launahlutfallið mælir hversu hátt hlutfall verðmætasköpunar fer til launafólks. Þetta hlutfall hefur lækkað og gaf vísbendingar um að svigrúm hafi verið til kjarabóta.

Það er aftur á móti óeðlilegt og óboðlegt að fyrirtæki, sem mörg hver hafa malað gull undanfarin ár, skuli ekki sýna þá samfélagslegu ábyrgð að halda verðhækkunum í skefjum til að ná niður verðbólgunni.

Í mikilli verðbólgu rýrnar kaupmáttur fólks, verðtryggð lán hækka og allir tapa. Fyrirtæki á grænni grein ættu að líta á það sem skyldu sína gagnvart samfélaginu að vinna gegn þessu ástandi. Slík fyrirtæki myndu til lengri tíma vaxa í áleti almennings. Stutt er síðan ríkið styrkti ótal fyrirtæki um vænar fjárhæðir vegna COVID 19 og hjálpaði þeim þannig að halda velli. Nú þarf að snúa dæminu við.

Það eru líka vonbrigði að sjá að ríki og sveitarfélög hafa mörg hver ekki haldið aftur af gjaldskrárhækkunum og álögum. Allt vinnur þetta að því að rýra kaupmátt okkar og þannig líf skjör. Spyrna þarf við fæti.

Atlaga að sjálfstæðum samningsrétti

Ríkissáttasemjari setti í liðinni viku yfirstandandi kjaraviðræður Eflingar og Samtaka atvinnulífsins í uppnám. Hann lagði fram ótímabæra miðlunartillögu, að því er virtist án nægilegs samráðs við málsaðila, þegar til stóð að greidd yrðu atkvæði um verkfallsaðgerðir. Heggur þar sá er hlífa skyldi. Við sem eigum sæti í miðstjórn ASÍ mótmæltum þessu harðlega.

Undirritaður tekur undir þá skoðun miðstjórnar að framganga embættisins sé atlaga að sjálfstæðum samningsrétti stéttarféлага og gangi gegn áratuga venjum um samskipti aðila vinnumarkaðarins.

Tímamót

Félag iðn- og tæknigreina fagnar í ár 20 ára afmæli sínu. Óhætt er að segja að tíminn fljúgi. Tíu ár eru nú liðin frá því að félagið lét gróðursetja eina hríslu fyrir hvern félagsmann.

Félagið hefur dafnað, eins og hríslurnar, og aldrei staðið styrkari fótum. Félagsmenn eru í dag tæplega 6.000 talsins. FIT er stærsta einstaka iðnfélagið og fyrir vikið öflugasti málsvari iðn- og tæknifólks á landinu.

Ég óska félagsmönnum til hamingju með stórafmælið og þakka fyrir þann mikla stuðning sem ég hef notið í starfi mínu. Það eru forréttindi að hafa umboð til að berjast fyrir hagsmunum iðn- og tæknigreina.

**FIT 20 ára**

Styrkir til félagsfólks FIT hækka

Samþykktar breytingar á styrkjum Félags iðn- og tæknigreina

Tekur gildi frá 1. febrúar 2023

- **Lækniskostnaður**, hækkar í 110.000 kr.
- **Hjartavernd**, hækkar í 33.000 kr.
- **Krabbameinsskoðun**, hækkar í 33.000 kr.
- **Heyrnartæki**, hækkar í 110.000 kr.
- **Sjúkrapjálfun**, hækkar í 82.500 kr.
- **Endurhæfing**, hækkar í 66.000 kr.
- **Stoðtæki**, hækkar í 33.000 kr.
- **Fæðingarstyrkur**, hækkar í 154.000 kr.
- **Frjósemismeðferð**, hækkar í 110.000 kr.
- **Viðtalsmeðferð**, hækkar í 9.900 kr. hvert skipti.
- **Líkamsræktarstyrkur**, hækkar í kr. 50.000 kr. - 60% endurgreiðsluhlutfall.
- **Gleraugnastyrkur**, hækkar í kr. 80.000 kr.

Félagsfólk Félags iðn- og tæknigreina kemur úr mörgum ólíkum iðngreinum og býr að fjölbreyttri menntun og reynslu

- Viðtöl við glæsilega fulltrúa félagsins

Víðsýni, jákvæðni og eldmóður einkennir félagsfólk í Félagi iðn- og tæknigreina, sem rætt er við í tilefni 20 ára afmælis FIT. Í viðtölunum lýsir fólkið hvernig hvernig það rataði á þá starfsbraut sem það hefur valið sér og hvaða verkefni það fæst við frá degi til dags. Í viðtölunum birtast ekki síður áhugaverð sjónarmið um félagið og hvert það á að stefna.

Priðji ættliður húsasmiða

Félagsmaður: Benedikt Viggósson
Vinnuveitandi: ÍAV
Menntun: Sveinspróf í húsasmiði

„Ég fékk nýlega viðurkenningu frá ÍAV fyrir að hafa náð 30 ára starfsaldri,“ segir húsasmiðurinn Benedikt Viggósson í samtali við FIT, spurður hvað hann hafi starfað lengi í faginu. Þegar viðtalið var tekið var hann staddur á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja í Reykjanesbæ en ÍAV hefur verið að endurinnrétta þriðju hæðina frá grunni.

Vinna við sjúkrahúsið var langt komin þegar FIT ræddi við Benedikt. Næsta verkefni ber ef til vill vott um fjölbreytileika þess að starfa sem húsasmiður. „Við erum að fara í verkefni í Grindavík, fyrir NATÓ. Við eigum að setja upp vatnstank, slökkvikerfi og eitthvað fleira fyrir fjarskiptastöðina, sem er neðan við Þorbjörn. Við erum allir sem þar verðum búnir að fara í gegn um bakgrunnskoðun hjá Ríkislögreglustjóra,“ útskýrir hann.

Benedikt er þriðji ættliður húsasmiða í fjölskyldu sinni. Pabbi hans og afi voru báðir húsasmiðir en Benedikt er barnabarn Benedikts Davíðssonar, fyrrverandi forseta Alþýðusambands Íslands. Ef til vill má segja að í æðum Benedikts yngri renni félagsmálablóð. Hann hefur enda gegnt stöðu trúnaðarmanns í sínu fyrirtæki um árabíl en nýleg stöðuhækkun hans felur í sér að þar þarf nýr starfsmaður að taka við keflinu.

Benedikt segir þátttöku í félagsstörfum afar mikilvæga. „Ef við ætlum að bæta launin okkur eða berjast fyrir auknum réttindum þá verðum við að vinna vinnuna. Það kemur ekkert af sjálfu sér og þess vegna þarf maður að láta sig málin varða. Við getum ekki bara verið á hliðarlínunni og reiknað með að einhverjir aðrir berjist fyrir okkur. Hann segir að ungir menn virðist því miður hafa lítinn áhuga á því að mæta á fundi og að meðalaldurinn á fundum hækki hratt. „Unga fólkið nennir því miður ekki að taka þátt í þessu. Stærsta verkefnið okkar hlýtur að vera að reyna að virkja þetta fólk.“



Mikilvægt að vanda til verka

Félagsmaður: Árni Rúnarsson
Vinnuveitandi: Reykjavíkurborg
Menntun: Meistararéttindi í garðyrkju

„Ég vinn fyrir Reykjavíkurborg og sé um að klippa gróður og annast umhírðu á grænum flötum innan borgarinnar,” segir Árni í samtali við FIT. Garðyrkjufræðingar sitja ekki auðum höndum í janúar, þótt frost sé í jörðu og snjór yfir öllu. „Þessa dagana vinnum við til dæmis við að klippa gróður og snyrta krónur á trjám. Það er alltaf eitthvað að gera.” Árni segir aðspurður að í það minnsta fjórir garðyrkjufræðingar vinni með honum hjá borginni en hann segir að ef til vill séu þeir fleiri.

Spurður hvernig það kom til að hann valdi sér þessa starfsgrein svarar Árni því til að hann hafi alltaf verið viðriðinn garðyrkju. „Það var eiginlega alveg sama við hvað ég var að fást hverju sinni, ég var alltaf eitthvað að snyrta garða fyrir skyldmennni eða vini. Það rann svo upp fyrir mér að allt eins gott væri að sækja sér menntun í þessu, svo maður hefði þetta allt á hreinu.” Hann lærði á Reykjum í Ölfusi og segir að námið hafi verið afar gagnlegt. „Ég lauk náminu árið 2020 og sótti mér svo meistararéttindi á nýliðnu ári,” útskýrir hann.

Á vel við mig að umgangast fólk

Félagsmaður: Snorri Hreiðarsson
Vinnuveitandi: Sjálfstætt starfandi (SH múrverk slf.)
Menntun: Sveinspróf í múrverki

„Ég er múrari og búinn að vera í því alla mína tíð. Ég byrjaði 16 ára og er í dag 47 ára,” segir Snorri í samtali við FIT. Snorri, sem lærði hjá Guðmundi Hallsteinssyni múrarmeistara og lauk sveinsprófi 1994, hefur sérhæft sig í flísalögnum í heimahúsum. Hann hefur fengist við það í áratug.

Snorri segist ekki vita hvers vegna hann lagði fyrir sig flísalagnir. „Þetta bara gerðist,” segir hann. Snorri veit þó að samskipti við fólk eiga afar vel við hann og að þess vegna forðist hann að taka að sér flísalagnir í stórum nýbyggingum. „Maður er auðvitað að raska ró heimilisins þegar maður er til dæmis að gera upp baðherbergi hjá fólki, og bæði fjölskyldumynstur og fjölskylduaðstæður eru alls konar. Maður þarf að sýna því virðingu. Ég er stundum spurður hvernig ég nenni þessu en staðreyndin er sú að það á afar vel við mig að umgangast fólk. Góð samskipti eru lykillinn að velgengni í þessum heimabransa.”

Verkefnaskortur hefur aldrei plagað Snorra. Spurður hverju hann þakki það svarar hann því til sennilega hafi fólk verið ánæggt með vinnu hans. „Svo bara festist maður í þessum bransa og allt í einu eru

Árna list nokkuð vel á nýgerðan kjarasamning FIT við Samtök atvinnulífsins. „Þetta virkar bara mjög fínn samningur; hann er stuttur og inniheldur góða launahækkun. Það er allt í svo mikilli óvissu í samfélaginu að það væri óráðlegt að semja til margra ára.” Árni fylgist svolítið með starfi FIT og segist ekki annað sjá en að vel gangi. „Ásókn í iðnnám hefur aukist mikið og maður sér að skólarnir sem kenna iðnnám eru þétt setnir. Það er hægt að rekja til vinnu þeirra sem fást við þessi mál og starfa innan þessara greina.” Hann segist greina mikla viðhorfsbreytingu gagnvart iðnnámi og að ástýnd iðnaðarmanna hafi breyst til hins betra. „Það verður ekkert úr engu og þess vegna mikilvægt að vanda til verka.”



afkomendur þeirra sem maður vann fyrir áður farnir að hringja,” segir hann glaðbeittur. Orðspor deyr aldrei, segir í Hávamálum.

Snorra list ágætlega á nýgerðan kjarasamning en viðurkennir að sem einyrki, sem aðeins greiði sjálfum sér laun, fylgist hann ekki vel með kjarasamningum. „Maður er svolítið einangraður í sinni vinnu, þegar maður starfar einn.” Hann segist þó ræða reglulega við félaga sína í iðngreinum og bera saman bækur. „Ég geri auðvitað kostnaðaráætlanir fyrir fólk sem tekur mið af launum, sköttum og því sem þarf að standa straum af til að reka lítið fyrirtæki,” segir hann.

Snorri segir FIT skipta hann miklu máli, ekki síst þegar kemur að því að vera öryggisnet ef eitthvað kemur upp á. Áföllin geri ekki boð á undan sér en hann hafi verið heppinn hingað til. „Ég hef hins vegar nýtt mér bústaðina og styrkina; til dæmis líkamsræktar- og sálfræðistyrk. Öll samskipti mín við félagið hafa verið ljómandi góð.”



Fékk skyndilega bíladellu

Félagsmaður: Guðrún Svava Gomez

Vinnuveitandi: Hekla

Menntun: Meistarapróf í bifvélavirkjun

„Ég fékk þennan áhuga á bílum árið 2016,“ segir Guðrún við FIT um hvað varð til þess að hún lagði fyrir sig bifvélavirkjun. Guðrún Svava er með stúdentspróf af myndlistabraut og segir að sinn stíll í myndlistinni sé að vinna með spreibrúsa. „Ég átti bíldrúslu á þessum tíma og byrjaði eitthvað að vinna í henni. Ég spreypjaði felgurnar á bílum og gerði við ryðbletti og annað útlitstengt. Það var þá sem mig langaði að gera eitthvað meira fyrir bílinn. Þá ákvað ég að skrá mig í bifvélavirkjun.“

Guðrún fæst við bilanagreiningar og hugbúnaðaruppfærslur hjá bílaumboðinu Heklu. Hún áætlað að það séu um 20 starfandi bifvélavirkjar hjá Heklu. Aðspurð segir hún að það hafi komið sér mest á óvart, þegar hún fór að vinna sem bifvélavirki, hversu margt sé hægt að leysa með hugbúnaðaruppfærslu - hvað vinna bifvélavirkja er orðin tæknileg. Tölvuvinnan sé mikil. „Þetta er líka mjög fjölbreytt starf. Rafmagnsbílarnir eru komnir meira inn núna og þá þurfum við

til dæmis að vinna með háspennukerfi,“ útskýrir hún. Hún segir að starfsfólkið sækir sérstök námskeið til að geta unnið við rafkerfið í rafbílum.

Guðrún Svava, sem er á 28. aldursári er trúnaðarmaður FIT hjá Heklu. Við því hlutverki tók hún fyrir um ári síðan. „Ég er enn að komast inn í það hlutverk,“ segir hún. Hún segist aðspurð vera sæmilega sátt við nýja kjarasamninga. „Þetta eru stuttir samningar og nefndin hefur þá tíma til að undirbúa aðalatriðin fyrir næstu samninga. Mér fannst það að semja núna vera betri kostur en að fara í verkfall. Ég er þess vegna þokkalega sátt.“



Launahækkanir hverfi í hærra verðlag

Félagsmaður: Hákon Fannar Briem Kristjánsson

Vinnuveitandi: Súperlagnir ehf.

Menntun: Sveinspróf í pípuhlöðum

„Núverandi yfirmaður minn hafði samband við mig þegar ég var 21 eða 22 ára en þá var ég að vinna í eldhúsi og var tilbúinn að prófa eitthvað nýtt,“ segir Hákon Fannar Briem Kristjánsson í samtali við FIT um tilurð þess að hann gerðist pípari. Hákon, sem er 28 ára í dag, lauk sveinsprófi 2019 og ber náminu góða sögu. „Já, ég er mjög sáttur við það. Þetta var stutt og hnitmiðað,“ segir hann.

Hákon vinnur hjá Súperlögnum ehf. og er þessa daganna, ásamt fjórum til fimm öðrum pípurum, að leggja í ofna í tvær blokkir sem eru í byggingu. „Þetta er mjög þægileg vinna,“ segir hann um píparastarfið og bætir við að þetta sé ef til vill það hreinlegasta þegar byggingagreinarnar eru bornar saman, ásamt starfi rafvirkja. Hann segir aðspurður að nóg sé fram undan og verkefnaskortur sé ekki vandamál. „Það er bara alltaf nóg að gera.“

Hákon er ánægður með kjarasamninginn sem FIT gerði við Samtök atvinnulífsins á dögunum en segir erfitt að semja þegar Efling eigi eftir að semja. Fram að þeim tíma ríki alltaf ákveðin óvissa. „En ég er bara sáttur við samninginn.“ Hákon er hins vegar þeirrar skoðunar

að stéttafélögin geti takmörkuð áhrif haft á almenn lífsskjör í landinu. Hann segir mikilvægast að launahækkanirnar hverfi ekki í hækkanði útgjöld heimilanna. Vandamálið liggir í háum framfærslukostnaði á landinu. Það sé ekki bardagi stéttarfélaganna. „Launahækkanir á Íslandi skila sér aldrei til fólksins.“

„Það er ekkert eðlilegt við að það sé helmingi dýrara að lifa hér en í Svíþjóð,“ segir Hákon en þangað á hann tengingar. „Ég gæti keypt 450 fermetra höll í nágrenni Gautaborgar, sem er búið að taka algjörlega í gegn, fyrir 30 milljónir króna. Það er sú upphæð sem húsið mitt í Hveragerði hefur hækkað um, síðan ég keypti það. Þetta er svo kjánalegt.“



Samtal við félagsfólk FIT



Bílaáhuginn er krónísk veiki

Félagsmaður: Gestur Pálsson
Vinnuveitandi: Ísal (álverið í Straumsvík)
Menntun: Sveinspróf í bifvélavirkjun

„Ég er með króníska bíladellu og man ekki eftir mér öðruvísi en að vera að hræstast í kringum bíla,“ segir Gestur Pálsson, bifvélavirki og trúnaðarmaður FIT í álverinu í Straumsvík. Hann starfar þar á vinnuvélaverkstæði ÍSAL og sinnir viðhaldi á tækjum álversins, sem eru af fjölbreyttum toga. Hann nefnir skautskiptitæki, efnisbíla, sérsmiðaða lyftara og rafmagnsbíla. Gestur fæst við vélar, glussa- og hráolíukerfi og járnsmíði, svo eitthvað sé nefnt.

Á verkstæðinu starfa 13 bifvélavirkjar og um 10 vélvirkjar. Aðspurður segist hann helst sérhæfa sig í dísilvélum og olíukerfum. „Við reynum að beina mönnum í það sem þeir eru bestir í,“ útskýrir hann.

Eins og áður segir er Gestur þeirrar skoðunar að bíladellan sé krónísk veiki. Frá blautu barnsbeini hafi hann haft áhuga á bílum.

„Ég er fæddur og uppalinn í Kópavogi en var í sveit fyrir vestan níu sumur sem krakki. Ég byrjaði að keyra bíl 12 ára gamall og dráttarvélar um leið og ég náði niður – sjö eða átta ára. „Maður losnar ekkert við þetta svo það er eins gott að mennta sig bara og vinna við þetta,“ segir hann.

Gestur er trúnaðarmaður FIT á verkstæðinu og er í samninganefnd félagsins. Hann segist auk þess mæta á aðalfundi og fylgjast nokkuð vel með. Starfsmenn álversins úr röðum FIT eru með sér kjarasamning en hann gildir til 2026. Hann telur að samninganefndir iðnaðarmanna hefðu þurft að gera betur þegar kemur að nýgerðum kjarasamningum. „Það hefði þurft að gera betur, umtalsvert betur. Það eru meiri hækkanir í þjóðfélaginu en þetta.“



Tekur við rekstrinum af afa sínum

Félagsmaður: Hilmar Þór Harðarson
Vinnuveitandi: Sjálfst. starfandi (Málaramiðst. ehf.)
Menntun: Sveinspróf í málun / nemi í meistara-skólanum

„Ekki spara efni. Það er það vitlausasta sem fólk gerir. Líttu þannig á að einhver annar muni á endanum kaupa af þér málninguna.“ Þetta segir malarinn Hilmar Þór Harðarson, þegar hann er beðinn að gefa ófaglærðum húsnæðiseigendum heilræði, þegar kemur að því að mála heima hjá sér.

Hilmar, sem er 25 ára, hefur málað alla sína tíð. Hann byrjaði ungur að vinna hjá afa sínum, málarameistarar Kristni Frímanni Guðjónssyni, og nú er svo komið að hann hefur tekið við af honum. „Ég er sjálfstætt starfandi í dag. Ég tók við rekstrinum 1. janúar síðastliðinn. Það var kominn tími á kynslóðaskipti og að hann gæfi sér tíma til að slaka aðeins á.

Fyrirtækið heitir Málaramiðstöðin ehf. og er alhliða málningarþjónusta. „Ég er að vinna í nýbyggingu núna – og er þar undirverktaki fyrir annan. Ég er líka með verkefni í Búrfellsvirkjun, fyrir Landsvirkjun. Við höfum einnig verið að mála sundlaugar svo verkefni eru mjög fjölbreytt.“

Hilmar viðurkennir að það sé vissulega krefjandi verkefni að taka við fyrirtæki en að hann sé tilbúinn í alla þá vinnu – tilbúinn í harkið, eins og hann kemst sjálfur að orði. Hann segist hafa leitað til FIT þegar hann var að taka við fyrirtækinu enda hafi ótal spurningar kviknað, til dæmis um útreikning verktakalauna. „Ég fékk símtal frá konu hjá FIT sem útskýrði

allt fyrir mér frá a til ö. Hún gaf mér upp prósentur og braut niður fyrir mér mjög ítarlega hvað stendur á bak við þær. Félagið reyndist mér afar vel og kom þægilega til móts við mig. Ég var líka að hætta hjá öðrum atvinnurekenda og ég fékk svör frá henni um rétt minn þar,“ segir Hilmar.

Eins og áður segir vann Hilmar hjá afa sínum þegar hann var yngri. Árið 2018 ákvað hann að reyna fyrir sér í rafvirkjun. „Ég var á svæði þar sem var verið að byggja og horfði þá upp á málarana vinna sína vinnu. Það var þá sem það rann upp fyrir mér að ég saknaði þess að mála. Ég elska þetta starf – að fegra hluti; breyta steypuklumpi í heimili.“ Hann færði sig í kjölfarið aftur yfir í málun.

Hilmar segir að áhuginn á þessu starfi hljóti að vera í blóð borinn því sonur hans sýni málun einnig mikinn áhuga. Snemma beygist krókurinn. „Þetta er mjög fjölbreytt starf og gefandi. Það er ótrúlega gaman að hvað fólk verður ánægt með heimilið sitt þegar maður hefur lokið við verkið. Ég fæ mikið út úr því að gleðja aðra,“ segir Hilmar sem er augljóslega á réttum stað.



Byrjaði fyrir slyzni

Félagsmaður: Ívar Sveinsson
Vinnuveitandi: Ísloft - Blick og stál ehf.
Menntun: Nemi í blikksmiði

„Ég var að vinna hjá Tölvulistanum samhliða skóla. Mig vantaði síðan vinnu yfir sumarið og bauðst ekki vinna þar. Það var víst ódýrara að ráða einhvern 16 ára gutta,” segir blikksmiðaneminn Ívar Sveinsson um aðdraganda þess að hann fór að vinna við blikksmiði. Þetta var fyrir hálfu fjórða ári. Eftir að hafa leitað að sumarvinnu um hríð komst hann í gegn um félaga sinn í samband við Hannes Erlendsson blikksmiðameistara hjá Ísloft - blikk- og stálsmiðju og fékk þar tækifæri. „Ég byrjaði að vinna þarna fyrir slyzni en það eru þrjú og hálft ár síðan,” útskýrir Ívar.

Spurður hvað hann sé að fást við þessa daganna segir Ívar að hann sé að smíða klæðningu á nýjan grunnskóla sem Ístak er að byggja í Nuuk á Grænlandi. Fleiri stór klæðningarverkefni séu í farvatninu. Ívar féll fyrir blikkinu og fór fljótlega að læra til blikksmiðs. „Námið hefur aðeins verið á Ís núna. Ég hef ekki haft efni á skólanum á meðan kærastan mín er að klára háskólanámið. Svo munum við skipta. Mig langar ef til vill að fara líka í verkfræði eftir iðnnámið,” segir Ívar, sem er 25 ára.

Ívar, sem segist hafa verið hálf stefnulaus hvað starfsvettvang varðar áður en hann hóf störf hjá Ísloft, segir að starfið eigi afar vel við sig. „Mér finnst þetta föndur æðislegt. Í þessu starfi fær maður að reyna á heilann. Nú er ég kominn þangað að smíða útflatninga í höfðinu hvar sem ég fer,” segir hann glaðbeittur.

Ívar nýtur þeirra forréttinda að fá að læra af mönnum eins og Lárusi Lárussyni, sem FIT ræddi ítarlega við í síðasta fréttabréfi. Lárus er orðinn áttæður og mætir enn til vinnu, eftir 63 ár í faginu. „Það þyrfti að klóna þennan mann og setja í skólann,” segir Ívar kíminn.

Eitt af eilífðarviðfangsefnum stéttarfélaga er að ná til ungs fólks. FIT kemur ekki að tómun kofanum hjá Ívari þegar hann er spurður hvernig hægt sé að standa betur að því. „Mér finnst vanta iðnnám inn í grunnskólann. Ég vissi til dæmis ekki að þessi iðngrein væri til. Maður fær bara að prófa smíði í grunnskóla.”

Hann segir mikilvægt að kynna ólíkar iðngreinar fyrir grunnskólanemendum og þá heldur með vettvangsferðum en fyrirlesturum. „Ef ég hefði t.d. fengið að fara 15 ára í vettvangsferð í vélsmiðjuna Hamar í Hafnarfirði þá hefði ég ábyggilega fallið fyrir því. Ég veit um marga stráka - ég þekki betur til þeirra en stelpna - sem myndu kveikja á því að sjá stórar vélar beygja stál. Maður þarf að sjá hvernig hlutirnir virka. Þarna getur skólakerfið gert miklu betur,” segir hann að lokum.



Sér teikningarnar lifna við

Félagsmaður: Unnur Ósk Eggertsdóttir
Vinnuveitandi: Eykt
Menntun: Tækniteiknun

„Það er mjög skemmtilegt að teikna hlutina og horfa svo á þá verða til fyrir framan sig,” segir tækniteiknarinn Unnur Ósk Eggertsdóttir. Hún starfar í dag hjá verktakafyrirtækinu Eykt og vinnur við byggingu nýs Landspítala. Unnur var áður hjá verkfræðistofu en nýtur þess í dag að vera á vettvangi. „Þetta er mjög spennandi. Áður þurfti maður lítið að hugsa um verkefnið eftir að maður sendi frá sér teikningarnar. Þetta er mjög lærdómríkt,” segir hún.

Á meðal helstu verkefna Unnar í vinnunni er að gera teikningar í þrívídd, fyrir járn, steypu og mót og áætla magn þegar kemur að innkaupum. Hún prentar líka út teikningar og plastar fyrir þá sem eru að vinna verkin.

Unnur lauk námi úr Tækniskólanum árið 2013. Hún segir að námið hafi verið mjög gagnlegur grunnur en að stóran hluta þekkingarinnar hafi hún öðlast þegar hún byrjaði að vinna við fagið.

Unnur hefur setið í stjórn FIT í átta ár en hún á einnig sæti í miðstjórn Samiðnar. Hún segist vera ánægð með nýgerða kjarasamninga en að hún heyri einnig raddir þeirra sem eru ekki eins ánægðir. „Ég heyrði alveg óánægjuraddir en ég er mjög sátt við samninginn. Mér hugnast styttri samningar, ekki síst þegar óvissa er uppi. Það er gott að taka stöðuna reglulega og semja í ljósi þeirra forsendna sem uppi eru hverju sinni.”



Tók u-beygju eftir háskólanám

Félagsmaður: Erla B. Guðlaugsdóttir
Vinnuveitandi: Sjálfstætt starfandi
Menntun: Snyrtifræðingur

„Það er alltaf svolítið strembið að byrja með eigin rekstur. Ég hef hins vegar verið mjög heppin og einhvern veginn hefur þetta undið hratt upp á sig.“ Þetta segir Erla B. Guðlaugsdóttir snyrtifræðingur. Hún er leigir aðstöðu hjá snyrtistofunni Beauty Salon í Firði í Hafnarfirði.

Erla fór hefðbundna leið í gegn um nám, ef segja má svo. Hún kláraði framhaldsskóla og fór þaðan í háskóla þar sem hún lauk námi í ensku. Hún segist reyndar alltaf hafa ætlað í talmeinafræði en valdi enskuna. Þegar námi lauk hafi gamall draumur hins vegar knúið dyra. „Mér hefur alltaf fundist gaman að dekra við fólk; lakka neglur og dúlla mér eitthvað. Ég fór eftir háskólanámið að velta þessu betur fyrir mér og ákvað að skella mér í snyrtifræði,“ segir Erla.

Hún viðurkennir að það hafi verið skýtið að taka þessa u-beygju og fara aftur í fjölbrautaskóla, en snyrtifræðin er kennd í Fjölbrautaskólanum í Breiðholti. „Ég var svolítið smeyk við þetta en að sama skapi mjög ákveðin – og ég sé alls ekki eftir því.“

Erla fæst við alls kyns fjölbreytt verkefni í vinnu sinni, innan snyrtifræðinnar. Hún litar og plokkar auk þess að vinna með augnháralengingar frá NovaLash. „Ég tek fólk líka í vaxmeðferðir, fótisnyrtingar og andlitsmeðferðir. Þetta er bara mjög fjölbreytt,“ útskýrir hún.

Áhugasamir geta fylgst með störfum Erlu á Instagram (nafn: erlagudlaugssnyrting) en þar deilir hún myndum af verkum sínum. „Mér finnst mjög gaman að setja inn myndir, til dæmis af augabránum eftir plokkum eða hárlengingum. Það er gaman að geta sýnt öðrum hvað maður er að gera,“ segir hún.



Netspjall

- SKÝRT SAMBAND -

Með netspjallinu aukum við þjónustu við félagsmenn með skýrum og greinargóðum hætti:
 - beint samband við þjónustufulltrúa og afrit af samskiptunum.

Nýtt símanúmer **535 6000**



Víðsýni og vöxtur
í 20 ár



„Engin tilviljun að FIT er stærsta iðnfélagið“

Félag iðn- og tæknigreina hefur staðið vaktina fyrir iðnaðarmenn í 20 ár

Félag iðn- og tæknigreina, FIT, fagnar í ár 20 ára afmæli sínu. Félagið var stofnað þann 15. júní 2003 þegar Bíliðnafélagið/Félag blikksmiða, Málarafélag Reykjavíkur, Sunniðn, Félag byggingaiðnaðarmanna í Hafnarfirði og Félag garðyrkjumanna sameinuðust. Félagið tók formlega til starfa 1. maí, á baráttudegi verkalyðsins. Það var vel við hæfi.

Þrátt fyrir að saga Félags iðn- og tæknigreina spanni að forminu til tvo áratugi er óhætt að segja að saga þess sé mun lengri. Þau félög sem sameinuðust við stofnun FIT, og höfðu jafnvel runnið saman við önnur félög áður, áttu sér sum hver rúmlega 100 ára sögu. Í dag er Félag iðn- og tæknigreina stærsta einstaka iðnfélagið á landinu.

Hilmar Harðarson, núverandi formaður félagsins, var á stofnfundinum 2003 kjörinn formaður hins nýja félags. Hann sagði við það tilefni að nú gæfist kærkomið tækifæri til að efla þjónustuna við félagsmenn. Með stofnun Félags iðn- og tæknigreina væri orðið til öflugt félag sem unnið gæti ótullega að bættum kjörum og réttindum iðnaðarfólks.

Hraður vöxtur

FIT hefur sannarlega vaxið fiskur um hrygg frá stofnun. Fleiri iðnfélög hafa gengið til liðs við FIT, eins og rakið er hér til hliðar, félög sem sjá hag sinn í að ganga til liðs við traust félag sem er öflugur

málsvari ólíkra iðngreina og hefur bolmagn til að veita félagsmönnum þjónustu eins og hún gerist best hjá íslenskum stéttarfélögum.

Félagar í FIT eru í dag rúmlega sex þúsund og fjögur hundruð talsins. Flestir koma úr bygginga- og mannvirkjagreinum, farartækja- og flutningsgreinum, mál-, véltækni og framleiðslugreinum, þjónustugreinum, náttúrunýtingu, hönnun, hárgreiðslu og tækniteiknun. Styrkur félagsins felst einmitt í fjölbreytni félagsins og stærð þess.

Stjórn FIT skipa 13 aðilar, kjörnir til tveggja ára á aðalfundi. Trúnaðarráð FIT er skipað 37 aðalfulltrúum og öðrum 37 til vara. Þá eiga trúnaðarmenn starfsfólks á vinnustöðum sæti í trúnaðarráði. Aðalfundur FIT kys einnig fulltrúa í fulltrúaráð þeirra lífeyrissjóða sem félagsmenn eiga aðild að. FIT er aðili að Samiðn, sambandi iðnfélaga og Alþýðusambandi Íslands og kys fulltrúa úr hópi félagsmanna til að sitja þing Samiðnar og ASÍ. Einnig er FIT aðili að norrænum og alþjóðlegum samtökum.



Hilmar Harðarson, formaður FIT

Starfsemi félagsins

Félagið heldur í þágu félagsmanna úti sjúkrasjóði, menntasjóði, orlofssjóði og vinnudeilusjóði. Sjúkrasjóður félagsins greiðir 90% af launum eftir að kjarasamningsbundnum veikindarétti lýkur hjá atvinnurekanda. Þá geta félagsmenn sótt um dánarbætur sem og ýmsa styrki frá félaginu, þar sem áherslan er á heilsu-bætandi þætti. Virk - starfsendurhæfingarsjóður aðstoðar félagsmenn í alvarlegum veikindum eða slysum.

Menntasjóður greiðir styrki til náms, endurmenntunar og til almennrar fræðslu. Endurmenntunargjald félagsmanna rennur til IDUNNAR - fræðsluseturs, þar sem félagsmenn hafa val um að sækja alls kyns námskeið til að bæta hæfni sína.

Óhætt er að hvetja félagsmenn til að kynna sér starfsemi IDUNNAR og fylgjast með því fjölbreytta framboði námskeiða sem þar er að finna. Á haustönn 2022 voru til að mynda haldin 178 námskeið. Þar af voru 88 í bygginga- og mannvirkjagreinum, 33 í bílgreinum og 26 í mál- og véltæknigreinum. Í þessum þremur greinaflokkum sóttu 1.223 einstaklingar námskeið - margir hverjir úr FIT.

Orlofssjóður á og rekur yfir 39 orlofshús fyrir félagsmenn auk þess að reka orlofshús í Flórída í Bandaríkjunum. Húsin eru leigð félagsmönnum fyrir lítið endurgjald. Ótalin eru ýmis fríðindi og afslættir sem félagsmenn njóta í gegn um aðild sína að FIT.

Auk alls þessa má nefna að FIT rekur mælingarstofur í byggingagreinum og á í góðu samstarfi við Garðyrkjuskólann, svo eitthvað sé nefnt.

Þjónustuskrifstofur félagsins eru á Stórhöfða 29-31 í Reykjavík, Krossmóa 4 í Reykjanesbæ, Austurvegi 56 á Selfossi, Kirkjubraut 40 á Akranesi og Heiðarvegi 7 í Vestmannaeyjum.

Aukin tengsl við félagsmenn

Hilmar, sem er bifvélavirki að mennt, hefur verið formaður frá stofnun félagsins. Hann hefur fyrir vikið komið að gerð fjölmargra kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna. Nú síðast í desember stóð hann í ströngu þegar samningar náðust við Samtök atvinnulífsins um hækkanir launa. Óhætt er að segja að hann hafi á tíma sínum sem formaður gegnt lykilhlutverki í að vinna að kjara- og réttindamálum fyrir félagsmenn.

„Við erum 20 ára núna í ár og það er afar ánægjulegt að sjá að félagið hefur blómstrað. Styrkur félagsins er mikill og réttindi félagsmanna góð,“ segir Hilmar af þessu tilefni. Hann segir að félagið hafi undanfarið lagt aukna áherslu á að efla sambandið við félagsmenn. Mikilvægur liður í því séu félags- og fagreinafundir sem haldnir séu ár hvert í Reykjavík, Reykjanesbæ, Vestmannaeyjum, Akranesi og Selfossi. „Þannig, til dæmis, náum við tengingu við félagsmenn,“ útskýrir Hilmar. Hann nefnir einnig að fundarröð hans og framkvæmdastjóra Samiðnar, í aðdraganda yfirstaðinnar kjaralotu, hafi verið afar ánægjuleg og gagnleg. Þar hafi tekist að mynda og efla tengsl við félagsmenn um land allt. Félagið njóti auk þess góðs af þeim upplýsingum sem fram koma á þessum fundum.

Hilmar nefnir jafnframt mikilvægi ferða heldrimanna, sem farnar eru á hverju ári. Þar gefist einstakt tækfæri til samvista við félagsmenn sem hafi tekið þátt í að móta félagið á undanförnum árum og áratugum. „Tengingin við fólkið skiptir öllu máli, því félagið væri ekki til án þess góða fólks sem í því er,“ segir Hilmar.

Ákveðið hefur verið að leggja aukna áherslu á heimsóknir á vinnustaði en heimsfaraldurinn setti strik í slík fundahöld. „Starfsfólkið okkar er satt að segja farið að klæja í fingurna. Við getum ekki beðið eftir því að komast meira út á meðal félagsmanna - og ná betri tengingu við fyrirtækin,“ segir Hilmar.

Í þessu samhengi ber að nefna að fyrr í vetur var nýr vefur FIT opnaður en á honum er hægt að bóka vinnustaðaheimsóknir á fljótlegan og aðgengilegan hátt. „Ég skora á félagsmenn að bóka þar fundi og fara yfir málin með okkur,” segir Hilmar.

Viljum ná til unga fólksins

Á nýja vefnum er mikil áhersla lögð á snjalltæki og vefurinn frá grunni hannaður með það í huga. Hilmar er afar ánægður með afraksturinn. „Ég er mjög stoltur af nýja vefnum og þeim möguleikum sem þar eru fyrir hendi. Við lögðum mikla áherslu á að félagsmenn geti hnökralaust fundið upplýsingar á vefnum í hvaða tækjum sem þeir kjósa að nota. Þeir geta núna auðveldlega sótt um styrki í símanum á kaffistofunni, svo dæmi sé tekið.”

Ein af nýjungunum á vefnum er gjörbreytt og byltingarkennd framsetning á kjarasamningum félagsins en allir nýir kjara-samningar sem gerðir verða hér eftir verða settir fram á myndrænan og einfaldan hátt. Um er að ræða mikla breytingu frá því sem áður var þegar samningum var hlaðið inn sem PDF-skjölum. Nú eru helstu atriði kjarasamninga sett fram á einni síðu. „Það er gaman að sjá þessa framþróun verða að veruleika. Félagið hefur allt frá upphafi verið óhrætt við að prófa nýja hluti og verið í fararbroddi iðnfélaga þegar að tækninýjungum kemur,” segir formaðurinn.

Annað skref í þeirri vegferð félagsins að ná til ungs fólks verður tekið nú um mánaðamótin þegar nýtt símaverður opnað og ný símanúmer tekin í notkun. Markmiðið þar er að auka skilvirkni í símsvörun og stytta boðleiðir. Samhliða því verður byrjað að bjóða upp á netspjall við þjónustufulltrúa félagsins. Félagsmenn geta þannig haft samband við félagið og fengið svar við fyrirspurnum án þess að senda tölvupóst eða hringja. Nánar má lesa um þetta framar í þessu blaði. „Markmiðið er að efla þjónustuna við félagsmenn og höfða til yngri kynslóða,” útskýrir Hilmar.

Snyrtifræðingar og hárgreiðslufólk eru þær stéttir sem síðast gengu til liðs við FIT. Hilmar segir að það sé metnaður félagsins að stækka og eflast, þannig að sífellt sé hægt að bæta þjónustu og stuðning við félagsmenn. „Við erum stærsta einstaka iðnfélagið í dag og það er engin tilviljun. Okkur hefur gengið vel. En við megum



Útskriftum nýsveina hefur fjölgað undanfarið.

ekki láta deigan síga. Við viljum leggja aukna áherslu á að ná til unga fólksins. Það var ekki síst hugsunin með nýju heimasíðunni. Við viljum mæta unga fólkinu og gera því kleift að kynna féluginu og nota sér gæði þess á þeim vettvangi sem það kys,” útskýrir Hilmar og bætir við að fyrstu mælingar bendi til þess að umferð um vef FIT hafi aukist töluvert. Viðtökurnar hafi verið mjög góðar. Hilmar bendir á að rafræn fréttabréf, sem félagið gefur út með reglubundnum hætti, þjóni sama tilgangi – að ná til unga fólksins.

Áskoranir

Þrátt fyrir að vel hafi gengið að undanförunu segir Hilmar mikilvægt að hafa báða fætur á jörðinni. Sótt sé að iðngreinum úr ýmsum áttum. Hann nefnir í því samhengi þær hættur sem fylgja innflutningi erlends vinnuafis sem og umræðu um löggildingu iðngreina. „Við þurfum að spýta í lófana því hættan er sú að félagsleg undirboð þrífist í skjóli mikillar eftirspurnar eftir iðnaðarmönnum. Við höfum séð dæmi þess að verið sé að undirbjóða verk á grundvelli rangra skráninga. Við þurfum að halda á lofti og fylgja eftir kröfum um að þeir sem vinni iðnaðarmannastörf séu iðnmenntaðir og fái greitt í samræmi við það,” áréttar hann. Þar skipti vinnustaðaeftirlitið miklu máli. Girða þurfi fyrir að fyrirtæki geti komist upp með að skrá menntað starfsfólk sem óbreytta verkamenn, til að geta greitt þeim lægri laun og undirboðið verk.



FIT hefur lagt aukna áherslu á að ná til ungs fólks.



Vinnustaðaeftirlit er mikilvægur þáttur í starfsemi FIT.

Óhætt er að segja að viðhorfin til iðn- og tæknigreina hafi breyst til batnaðar á undanförunum árum. Ungt fólk lítur í auknum mæli iðnnám sem fýsilegan kost þegar kemur að námsvali. Þetta endurspeglast í aukinni ásókn í iðnnám og fleiri nemendum sem útskrifast. Skólarnir hafa fjölgað nemendum eftir getu og fjárveitingum. Ljóst er hins vegar að gera þarf mun betur. Í haust var áætlað að um 500 manns, sem vildu fara í iðnnám, hafi ekki fengið skólavist.

Hilmar bendir á að á sama tíma sé skortur á iðnmenntuðu fólki og að allt bendi til þess að hann verði viðvarandi næstu árin. „Það er afar ánægjulegt að ungt fólk sé í auknum mæli að sækja í iðnnám. En þessi skortur er eitthvað sem við viljum vinna með stjórnvöldum að því að laga. Við verðum að taka öllum þeim sem vilja fara í iðn- og starfsnám opnum örmum,“ segir Hilmar að lokum.

Fjölbreytt og vaxandi félag- sameiningar og þróun á fjölda félagsmanna 2003-2022

Við stofnun

- Biliðnafélaginu/félagi blikksmiða
- Málarafélagi Reykjavíkur
- Félagi byggingamanna í Hafnarfirði
- Félagi garðyrkjumanna
- Sunniðn, Sunnlenska iðnfélaginu
- Iðnsveinafélag Suðurnesja (1.1.07)
- Sveinafélag járníðnaðarmanna Vestmannaeyjum (1.7.07)


- Sveinafélag málmíðnaðarmanna Akranesi (1.8.04)

- Sveinafélag pípulagningarmanna (1.1.08)
- Múrarfélag Reykjavíkur (1.1.09)
- Félag tækni-teiknara (1.8.10)

Voru utan ASÍ

Kjarasamningar snyrtifræðinga

Félag hársnyrtisveina (1.12.21)





Kosningar í embætti hjá Félagi iðn- og tæknigreina

Í 17. gr. laga félagsins segir:

Fyrir 1. febrúar ár hvert skal stjórn félagsins gera tillögu um uppstillingarnefnd sem starfar á milli aðalfunda. Fyrir aðalfund ár hvert skal kjósa hluta stjórnar. Kosningu skal skipt milli ára þannig að annað árið sé kosinn formaður, sex meðstjórnendur og tveir varamenn, en hitt árið sex meðstjórnendur og þrír varamenn. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum samkvæmt ákvæðum 16. greinar.

Á aðalfundi skal árlega kjósa uppstillingarnefnd, tvo skoðunarmenn reikninga, helming trúnaðarráðs og fulltrúa í fulltrúaráð lífeyrissjóða sem FIT á aðild að. Auk þess skal kjósa fulltrúa á þing ASÍ og Samiðnar þau ár sem þau eru haldin.

Uppstillingarnefnd skal skila tillögum að framboðum í stjórn, nefndir og fulltrúaráð ár hvert og þing Samiðnar og ASÍ þau ár sem þau eru haldin og **skal stjórn fyrir 1. febrúar kynna framkomnar tillögur á heimasíðu félagsins og í rafrænu fréttabréfi.**

Félagsmenn geta boðið sig fram til formanns eða stjórnar hafi þeir aflað sér 20 meðmælanda og skilað framboði fyrir 20. febrúar. Komi aðeins ein tillaga fram er stjórnin sjálfkjörin, en ef fleiri tillögur koma fram skal viðhöfð allsherjaratkvæðagreiðsla eða rafræn kosning

Um kosningu í trúnaðarráð og samninganefnd segir í 20. grein félagslaganna:

Trúnaðarráð skal starfa í félaginu. Trúnaðarráð gegnir hlutverki samninganefndar við gerð aðalkjarasamnings við Samtök atvinnulífsins (SA).

Í trúnaðarráði skulu eiga sæti, auk félagsstjórnar, 41 félagsmenn og 41 til vara, sem kjörnir eru á sama hátt og félagsstjórn. Skulu þeir númeraðir frá 1 - 82 og kjörnir þeir sem hafa oddatölu annað árið og jafna tölu hitt árið. Þeir skulu endurspegla sem flestar starfsgreinar og svæði félagsins. Auk þess eiga trúnaðarmenn félagsins á vinnustöðum sæti í ráðinu sem og þeir sem kjörnir eru til trúnaðarstarfa fyrir félagið.

Þegar mikilvæg mál liggja fyrir og stjórn félagsins telur erfitt eða of tafsamt að ná saman félagsfundi skal formaður kalla saman trúnaðarráð og leggja málið fyrir það. Slík mál skal þó einnig leggja fyrir næsta félagsfund.

Við undirbúning kjarasamningsgerðar skal kalla trúnaðarráð til starfa í samræmi við ákvæði laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Trúnaðarráðsfundur er lögmaður þegar löglega er til hans boðað samkvæmt 14. grein laga þessara.

21. grein laganna fjallar um kjörstjórn og er eftirfarandi:

Kjörstjórn skal vera starfandi í félaginu. Hlutverk hennar er að annast um atkvæðagreiðslur um kjarasamninga, verkföll og allsherjaratkvæðagreiðslur samkvæmt lögum félagsins.

Tveir kjörstjórnarmenn og tveir til vara skulu kjörnir á sama hátt og stjórn. Vegna atkvæðagreiðslna um kjarasamninga og verkföll skipar samninganefnd þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Við aðrar allsherjaratkvæðagreiðslur skipar miðstjórn ASÍ þriðja kjörstjórnarmanninn og skal hann vera formaður kjörstjórnar.

Tillögur uppstillingarnefndar fyrir aðalfund FIT 2023

TILLAGA UM HELMING STJÓRNAR TIL AÐALFUNDAR 2025

Formaður		
Hilmar Harðarson	Bifvélavirki	Reykjavík
Meðstjórnendur		
Helgi Ólafsson	Bifvélavirki	Reykjavík
Georg Ólafsson	Málari	Reykjavík
Ástvaldur Sigurðsson	Blikksmiður	Reykjavík
Vilhjálmur Gunnarsson	Vélvirki	Akranesi
Ólafur Magnússon	Húsasmiður	Reykjanesbæ
Sigfinnur Gunnarsson	Múrari	Reykjavík
Varamenn		
Þorsteinn G Kristmundsson	Málari	Hveragerði
Erla Björk Guðlaugsdóttir	Snyrtifræðingur	Hafnarfirði

TILLAGA UM HELMING AÐALMANNA Í TRÚNAÐARRÁÐI TIL ÁRSINS 2025

1	Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði	Bifvélavirki
3	Jónas Valgeir Bjargmundsson	Reykjavík	Bifreiðasmiður
5	Hörður Jóhann Geirsson	Reykjanesbæ	Bifvélavirki
7	Viðar Guðlaugsson	Kópavogi	Málari
9	Elías Óskarsson	Hveragerði	Garðyrkja
11	Gestur Pálsson	Garðabæ	Bifvélavirki
13	Heimir B Janusarson	Reykjavík	Garðyrkja
15	Ágúst Guðmundsson	Reykjavík	Blikksmiður
17	Hermann Halldórsson	Kópavogi	Bifvélavirki
19	Guðbjörn Árni Gylfason	Borgarnesi	Vélvirki
21	Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi	Vélvirki
23	Sigmar Björnsson	Reykjanesbæ	Húsasmiður
25	Sveinbjörn Jónsson	Reykjanesbæ	Málmiðn.
27	Bogi Ágúst Rúnarsson	Vestmannaeyjum	Húsasmiður
29	Brynjar Jónsson	Hafnarfirði	Pípulagningam.
31	Svava Ásgeirsdóttir Blöndal	Reykjavík	Snyrtifræðingur
33	Sveinn Grímsson	Reykjavík	Múrari
35	Hildur Ingibjörg Sölvadóttir	Kópavogi	Tækniteiknari
37	Elsa Dóra Jónsdóttir	Reykjavík	Tækniteiknari

TILLAGA UM HELMING VARAMANNA Í TRÚNAÐAR-RÁÐI TIL ÁRSINS 2025

39	Hróbjartur Pálmar Hilmarsson	Reykjavík	Húsasmiður
41	Guðni Vignir Sveinsson	Reykjanesbæ	Húsasmiður
43	Aðalbjörn Jóhannesson	Hnífsdal	Múrari
45	Ivica Cavara	Reykjanesbæ	Málari
47	Hallgrímur Jón Hallgrímsson	Reykjavík	Garðyrkja
49	Ólafur Þór Karlsson	Reykjanesbæ	Smiður
51	Bjarni Helgason	Reykjavík	Bifvélavirki
53	Gunnar Gunnbjörnsson	Reykjavík	Blikksmiður
55	Guðmundur Bergsson	Selfossi	Húsasmiður
57	Magnús Heiðar Björgvinsson	Akranesi	Vélvirki
59	Ægir Magnússon	Akranesi	Vélvirki

61	Bjarni Árnason	Hafnarfirði	Húsasmiður
63	Ingimundur Arngrímsson	Suðurnesjabæ	Vélvirki
65	Halldór Bjarnason	Vestmannaeyjum	Vélvirki
67	Sigurður Gunnarsson	Kópavogi	Pípulagningam.
69	Þorsteinn Ingi Sigurðsson	Mosfellsbæ	Bifreiðasmiður
71	Áslaug Fjöla Vilhjálmisdóttir	Reykjavík	Tækniteiknari
73	Ragnheiður M. Ragnarsdóttir	Kópavogi	Snyrtifræðingur

TILLAGA FYRIR AÐALFUND 2023 UM KJÖRSTJÓRN TIL ÁRSINS 2024

Aðalmenn		
Kristinn Bjarnason	Reykjavík	Bifvélavirki
Logi H Halldórsson	Reykjanesbæ	Vélvirki
Varamenn		
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Reykjavík	Bifvélavirki
Maron Tryggvi Bjarnason	Reykjavík	Bifvélavirki

TILLAGA FYRIR AÐALFUND 2023 UM FÉLAGSLEGA SKOÐUNARMENN TIL ÁRSINS 2024

Aðalmenn		
Birgir Gíslason	Kópavogi	Málari
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði	Bifvélavirki
Varamenn		
Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi	Vélvirki
Sigfús Birgir Haraldsson	Reykjavík	Bifvélavirki

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI BIRTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRIÐ 2023

1	Hilmar Harðarson	Reykjavík
2	Tryggvi Arnarsson	Reykjavík
3	Helgi Ólafsson	Reykjavík
4	Georg Óskar Ólafsson	Reykjavík
5	Stefán Þór Pálsson	Reykjavík
6	Sigfinnur Gunnarsson	Reykjavík
7	Einar Þór Gíslason	Reykjavík
8	Vilhjálmur Gunnarsson	Reykjavík
10	Þorsteinn Kristmundsson	Hveragerði
11	Ástvaldur Sigurðsson	Reykjavík
12	Gunnar Björn Gunnbjörnsson	Akranes
13	Einar Smári Garðarsson	Mosfellsbæ
14	Sveinn Jónsson	Reykjavík
15	Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Hafnarfirði
16	Unnar Friðrik Sigurðsson	Akranesi
17	Birgir Gíslason	Reykjavík
18	Kjartan Tómasson	Kópavogur
19	Sigfús Birgir Haraldsson	Kópavogur
20	Úlfar Hróarsson	Hafnarfjörður
21	Gestur Pálsson	Garðabær



TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á ÞINGI A.S.Í. 2023

- 1 Hilmar Harðarson
- 2 Tryggvi Arnarsson
- 3 Einar Þór Gíslason
- 4 Vilhjálmur Gunnarsson
- 5 Ólafur Magnússon
- 6 Georg Óskar Ólafsson
- 7 Þorsteinn Kristmundsson
- 8 Unnur Ósk Eggertsdóttir
- 9 Helgi Ólafsson
- 10 Lilja Kristbjörg Sæmundsdóttir
- 11 Heimir B. Janusarson
- 12 Andrés Haukur Hreinsson
- 13 Sigfinnur Gunnarsson
- 14 Ástvaldur Sigurðsson
- 15 Rúnar Bogason
- 16 Logi Halldórsson
- 17 Stefán Þór Pálsson
- 18 Einar Smári Garðarsson
- 19 Ólafur Kristinn Hafsteinsson
- 20 Kjartan Tómasson
- 21 Kristján Þórðarson
- 22 Sigríður Runólfsdóttir
- 23 Stefán Sigurþór Agnarsson
- 24 Erla Björk Guðlaugsdóttir

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI FESTU LÍFEYRISSJÓÐS ÁRÍÐ 2023

Ólafur Magnússon	Reykjanesbæ
Logi Halldórsson	Reykjanesbæ
Sigmar Björnsson	Reykjanesbæ
Sævar Jóhannsson	Reykjanesbæ
Guðjón Þórhallsson	Reykjanesbæ
Gunnlaugur Hauksson	Suðurnesjabæ
Sveinbjörn Jónsson	Reykjanesbæ

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS VESTMANNAEYJA ÁRÍÐ 2023

Erlendur G Gunnarsson	Vestmannaeyjum
Rúnar Bogason	Vestmannaeyjum

TILLAGA UM AÐAL- OG VARAFULLTRÚA Á AÐALFUNDI LÍFEYRISSJÓÐS RANGÆINGA ÁRÍÐ 2023

Heimir Hafsteinsson	Hellu
Hilmar Harðarson	Reykjavík

TILLAGA STJÓRNAR UM UPPSTILLINGARNEFND MILLI AÐALFUNDA 2023 TIL 2024

Einar Þór Gíslason	Bífreiðasmiður
Ólafur Kristinn Hafsteinsson	Bífvélavirki
Birgir Gíslason	Málari
Heimir B. Janusarson	Garðyrkjumaður
Logi H. Halldórsson	Vélvirki



Varðveitir sögu þeirra sem ganga í FIT

Viðtal við Jóhann Bílasmið



„Það má kannski segja að þegar félög bifvélavirkja og bílamálara sameinuðust í Bíliðnafélagið, í júní 1991, hafi það verið ákveðinn vendipunktur í sameiningu eins anga þeirra félaga sem mynda FIT. Ári síðar slógust bifreiðasmiðir í hópinn.“
Þetta segir Jóhann B. Jónsson bifreiðasmiður og sá einstaklingur innan Félags iðn- og tæknigreina sem sér um varðveislu sögulegra heimilda.

Á vormánuðum 2003 sameinuðust Bíliðnafélagið/ Félag blikksmiða, en þessi tvö félög höfðu sameinast árið 1998, Málarafélag Reykjavíkur, Sunniðn, Félag byggingaiðnaðarmanna í Hafnarfirði og Félag garðyrkjumannna undir merkjum FIT - félagi iðn- og tæknigreina. FIT fagnar þess vegna 20 ára afmæli sínu um þessar mundir en félagið hefur vaxið mikið frá stofnun þess og er nú stærsta einstaka félag iðnaðarmanna á landinu.

Jóhann hefur um árabil gegnt mikilvægu hlutverki hjá FIT. Hann hefur að eigin sögn mikið dálæti á gamla tímanum og hefur fyrir vikið fengið það hlutverk að halda utan um muni og gögn þeirra félaga sem ganga í félagið. Hann varðveitir gamlar ljósmyndir, dagbækur, stofngögn, verkfæri og aðra muni sem tengjast sögu félaganna og kemur þannig í veg fyrir að dýrmætar heimildir um fyrri tíma glatist.



Fjaraði undan bílasmíðinni

Þátttaka Jóhanns í félagsstörfum nær aftur til ársins 1986, þegar hann var kjörinn gjaldkeri hjá Félagi bifreiðasmiða. Félagið, sem var til húsa á Suðurlandsbraut hafði verið stofnað árið 1936 en taldi þegar þarna var komið sögu um 120 manns.

Jóhann, sem hóf að læra iðnina hjá Bíla og vagnasmiðju Kristins Jónssonar árið 1966, bendir á að fjarað hafi undan iðngreininni á Íslandi. Við vorum í húsnæði sem byggt var árið 1918. Þarna er allt gamla dótið og þarna gæti áhugi minn á gamla tímanum hafa kviknað,“ rifjar hann upp en bætir við að hann viti annars ekkert hvernig þessi áhugi, að safna gömlum munum, hafi kviknað. Hann segir að þegar hann kom inn hafi verkefnin aðallega falist í að smíða yfirbyggingar á jeppa sem hingað voru fluttir inn.

Jóhann, sem er kominn yfir sjötugt, vann lengst af hjá Reykjavíkurborg. Hann segir að þrátt fyrir mjög hafi dregið úr nýbyggingum á bílum undir lok aldarinnar þá hafi sú þekking sem bílasmíðir búi yfir nýst vel. „Ég var lengst af hjá Vélamiðstöðinni og vann við að halda við tækjum borgarinnar. Ég sá um lítið verkstæði á Miklatúni, á einni þjónustu miðstöð borgarinnar, og sinnti þar tækjunum. Í þeirri vinnu fólst aðallega viðhald og smíði á öllu mögulegu.“

Bílasmíði á þessum tíma krafðist viðtækrar þekkingar að sögn Jóhanns. „Þetta var svo fjölbreytt fag að maður gat nýtt þekkinguna í allt mögulegt. Maður gat unnið með timbur, járn, tau, pípulagnir, rafmagn og rúður. Maður gat bæði saumað og smíðað,“ útskýrir Jóhann. Í dag vinna bílasmíðir helst við að endurgera bifreiðar sem hafa orðið fyrir tjóni auk þess að smíða einstaka yfirbyggingu.

Kom að sameiningu félaganna

Jóhann er einn þeirra sem kom að sameiningu Félags bifreiðasmiða við Bíliðnafélagið á sínum tíma. Í bók Hauks Más Haraldssonar og Ögmundar Helgasonar, Hugvit þarf við hagleikssmiðar, sem gefin var út árið 1992, er fjallað um aðdraganda sameiningarinnar. Þar segir

”

„Þetta var svo fjölbreytt fag að maður gat nýtt þekkinguna í allt mögulegt. Maður gat unnið með timbur, járn, tau, pípulagnir, rafmagn og rúður. Maður gat bæði bæði saumað og smíðað,“

að í lok níunda áratugar hafi farið að bera meira á röddum sem vildu sameina þessi félög í eitt. Þarna hafi verið um að ræða menn sem unnu hlið við hlið í mörgum tilvikum og jafnvel á sama vinnustað. Þeir hafi því átt sameiginlegra hagsmuna að gæta gagnvart sama atvinnurekanda. Tækniþróun hafði orðið í þessum greinum, svo bifvéla virkjar og bifreiðasmiðir hafi til dæmis haft jafnan rétt þegar kom að því að rétta bíla. Einnig er nefnt í bókinni að menn hafi séð fyrir sér að hagræðingin myndi styrkja starfsemina. Eftir nokkrar umræður félaganna á milli ákváðu bifvéla virkjar og bílamálarar að sameinast undir merkjum Bílgreinasambandsins þannig 1. júní 1991.

Bifreiðasmiðir biðu átekta fyrst um sinn en ákváðu svo á aðalfundi, 31. mars 1992, að ganga til liðs við Bíliðnafélagið. Jóhann lagði tillöguna fram ásamt nafna sínum Jóhanni Hermannssyni. Viðmælandi blaðsins rifjar upp að þetta hafi ekki gengið þrautalaust. Skiptar skoðanir hafi verið um málið innan félagsins. „Menn sáu



Gamalli málningargeymslu var breytt í þetta glæsilega bílaverkstæði.

eftir félaginu sínu,” segir Jóhann. Inngangan var samþykkt af Biliðnafélaginu mánuði síðar. Þar með lauk sögu Félags bifreiðasmiða, 54 árum eftir að félagið var stofnað á Café Höll.

Sameiningin varð hins vegar til þess að bílasmiðir höfðu loksins aðgang að starfsmanni í fullu starfi sem hægt var að leita til en félagið hafði fram að því ekki haft til þess bolmagn. Við þetta snarbatnaði þjónusta við félagsmenn að sögn Jóhanns. Í umræddri bók segir að á þessum tíma hafi meira verið orðið um persónulega þjónustu við félagsmenn, svo sem vegna veikinda, sjúkrasjóðs og orlofshúsa. Einnig hafi fræðslustarf verkálfðsfélaga þarna verið orðinn þýðingarmikill hluti starfs þeirra.

Áhugi Jóhanns á varðveislu kviknaði eftir að hann gekk til liðs við Félag bifreiðasmiða. „Þá fór ég að kynna mér söguna. Félag bifvélavirkja hafði safnað saman svolitlu dóti og þegar félögin sameinuðust undir merkjum Biliðnafélagsins þá tók ég við því sem safnast hafði. Þannig hefst þessi vitleysa,” segir hann kíminn.

Síðar sameinaðist Biliðnafélagið Félagi blikksmiða og bar nöfn beggja félaga allt til ársins 2003, þegar Félag iðn- og tæknigreina var stofnað.

Bifreiðaverkstæði frá 1950 til sýnis

Eins og áður segir hefur Jóhann mikið dálæti á gömlum munum. Félagið hafði um árabíl leigt húsnæði hjá GG í Dugguvogi 19 undir það sem reyndist vera vísir að safni. Mikil vatnaskil urðu árið 2000 þegar Biliðnafélagið, með stuðningi nokkurra bílaumboða og ýmissa aðila, setti upp „Litla bílaverkstæðið“ á Árbæjarsafni. „Það er safn sem ég og fleiri, fyrir hönd Biliðnafélagsins/Félags blikksmiða og Árbæjarsafns, hönnuðum og settum upp. Ég var alltaf að hugsa um söguna og passa upp á að hlutir glötuðust ekki. Á þessu var skilningur innan félagsins og menn voru tilbúnir til að leggja pening í að passa upp á þetta,” útskýrir Jóhann.

Þannig vildi til að Jóhann átti kunningja á Árbæjarsafni og einn daginn bað hann kunningja sinn um að kanna hvort hann gæti fengið afnot af húsnæði til að koma upp litlu bílaverkstæði. Þá hafði komið upp sú hugmynd að nýta gamla málningargeymslu á safninu og breyta henni í bílaverkstæði. „Hann sýndi mér þá húsnæði og spurði mig hvort ég gæti notað þetta. Ég svaraði því játandi, að því gefnu



Kristinn Gunnarsson smiður hjá Árbæjarsafni og Jóhann B. Jónsson. Myndin er tekin árið 2000.

að teiknuð yrði viðbygging við húsið og því breytt á ýmsan hátt. Í kjölfarið var hugmyndin teiknuð og bílaumboðin og fleiri aðilar lögðu til fjármagn, eins og áður segir. Úr varð að við gátum búið til lítið bílaverkstæði, eins og frá 1950, sem enn er til sýnis á Árbæjarsafni.”

Á Jóhanni má glöggst heyra að hann er afar ánægður með að afrakstur þessarar söfnunar hans hafi fengið þennan farveg. „Ég kem þarna oft, nú síðast á föstudaginn,” segir hann í samtali við Fréttabréf FIT á mánudegi áður en hann býður blaðamanni í skoðunarferð.



Jóhann í Velamiðstöð Reykjavíkur 1998.

”

Ég var alltaf að hugsa um söguna og passa upp á að hlutir glötuðust ekki. Á þessu var skilningur innan félagsins og menn voru tilbúnir til að leggja pening í að passa upp á þetta.”



Buick fyrir framan Litla bílaverkstæðið við opnun safnsins.

Óhætt er að skora á félagsmenn að gera sér ferð á Árbæjarsafn og skoða það glæsilega safn muna sem Jóhann, í samstarfi við safnið, félagið og aðra velgjörðarmenn, á veg og vanda að. Þar kennir ýmissa grasa þegar kemur að gömlum tækjabúnaði og munum sem margir voru notaðir voru á fyrri hluta síðustu aldar. Sýningarrýmið er afar vel skipulagt og aðgengilegt.

Passar upp á gamlar myndir

Allt frá því bílgreinarnar sameinuðust undir merkjum Bíliðna-félagsins og síðar FIT hefur Jóhann haft það hlutverk að passa upp á gögn. „Þegar nýtt félag kemur inn í FIT þá er mér falið að ganga frá gamla félaginu og gæta þess að merkilegar heimildir glatist ekki. Sumt af því sem ég hef fengið á erindi á safn. Við eigum orðið ansi gott myndasafn frá gömlum tíma og ég passa afar vel upp á þær myndir.“ Hann hefur komið einhverjum hluta þeirra á stafrænt form en Fréttabréf FIT hefur um árabíl haft þá reglu að birta gamlar myndir, sem Jóhann hefur passað upp á, í blaðinu.



Sýningin Reykjavík við stýrið sem Bíliðnafélagið lagði efni til í, árið 1994.

Sameiningarsinni

Jóhann er afar ánægður með FIT í dag og segist í hjarta sínu vera sameiningarsinni. Hann spáir því að öll iðnfélögin munu á endanum renna saman í eitt. Það sé aðeins tímaspursmál, þó það sé ekki endilega handan við hornið.

„Við erum í dag að halda úti mörgum félögum sem vinna eftir sömu kauphöfðum. Hvers vegna ætti þetta ekki að vera eitt félag?“ spyr hann? Hann segir að bæði FIT og ÍÐAN fræðslusetur séu góð dæmi um hvað hægt sé að gera ef menn standa saman; hvað samtakamáttur tengdra iðngreina geti verið mikill. „ÍÐAN væri ekki til ef hver og einn væri að reyna að sinna fræðslumálum í sínu horni,“ áréttar hann.



Bíliðnafélagið tók þátt í sýningu með Fornbílaklúbbnum í Laugardalshöll árið 1999.



Jóhann var einn þeirra sem koma að sameiningu Félags bifreiðasmiða við Bíliðnafélagið.

MÍN FRAMTÍÐ

16. - 18. mars
Laugardalshöll

2023





Sókn í stað samdráttar

Þrjátíu ár eru liðin frá stofnun
Samiðnar, sambands iðnfélaga
-Upphafið og fyrstu árin rifjuð upp

Árið 1992 áttu 21 stéttarfélag beina aðild að Alþýðusambandi Íslands og níu landssambönd. Þar af voru þrjú fremur lítil iðnaðarmannasambönd. Mál- og skipasmiðasambandið (MSÍ), Samband byggingamanna (SBM) og Rafiðnaðarsamband Íslands.

Nokkur félög byggingarmanna stóðu utan sambanda t.d. Múrafélag Reykjavíkur, Sveinafélag pípulagningarmanna, Sveinafélag dúklagningarmanna og Málarafélag Reykjavíkur en það síðastnefnda hafði nokkrum árum fyrr sagt skilið við SBM. Múrarar stofnuðu sitt eigið landssamband en það átti aldrei aðild að ASÍ. Í gegnum árin höfðu árangurslaust verið gerðar ítrekaðar tilraunir til að fá þá til samstarfs við SBM.

Kjarasamningar voru 1969 höfðu markað tímamót vegna ákvæðis um aðild launafólks í verkafélögum á almennum markaði að lífeyrissjóðum. Til varð fjöldi lífeyrissjóða, bæði einstakra stéttarféлага og landssambanda, og voru landssambönd iðnaðarmanna engin undantekning hvað það varðar – öll með sinn lífeyrissjóð.

Unnið að sameiningum

Upp úr 1990 var farið að vinna að sameiningu og þar með fækkun lífeyrissjóða. Sameinaði lífeyrissjóðurinn varð til í ársbyrjun 1992 með sameiningu Lífeyrissjóðs byggingarmanna og Lífeyrissjóðs mál- og skipasmiða. Næstu árin komu fleiri lífeyrissjóðir til samstarfs við Sameinaða lífeyrissjóðinn. Rætt var við Lífeyrissjóð rafiðnaðarmanna um að slást í hópinn en ekki reyndist áhugi á þeim tíma.

Í framhaldi af stofnun Sameinaða lífeyrissjóðsins var farið að

huga að sameiningu landssambandanna. Í Noregi höfðu átt sér miklar sameiningar og mörg sambönd iðngreina höfðu sameinast í Fellesforbundet, sem er í dag stærsta sersambandið innan Norska LO, sem er stærsta launþegahreyfing Noregs. Bæði MSÍ og SBM voru virk í norrænu og evrópsku samstarfi en þar var þróunin í þá átt að stækka einingar til að gera þær öflugri í baráttunni við atvinnurekendur og stjórnvöld.

SBM, MSÍ og stærstu aðildarfélögin voru til húsa að Suðurlandsbraut 30. Mikill og góður samgangur og samstarf í ýmsum málum var á milli félaga, bæði þegar kom að kjarasamningum og á vettvangi ASÍ. Þetta góða samstarf og sameining lífeyrissjóðanna leiddi til þess að teknar voru upp viðræður um sameiningu MSÍ og SBM.

Samiðn verður til

Samiðn – samband iðnfélaga var stofnað í maí 1993 af Mál- og skipasmiðasambandinu, Sambandi byggingamanna, Félagi garðyrkjumanna og Málarafélagi Reykjavíkur. Nokkrum árum síðar gekk Félag hársnyrtisveina til liðs við Samiðn í kjölfar þess að Þjónustusamband Íslands var lagt af. Áhugi var að fá rafiðnaðarmenn með en þeir höfðu ekki áhuga enda voru þeirra samtök byggð upp meira eins og þekkist á hinum Norðurlöndunum.

Jafnraði var með MSÍ og SBM hvað stærð varðaði en rúmlega 2500 félagsmenn voru á þessum tíma í hvoru sambandi. Á stofnfund Samiðnar mættu fulltrúar 44 stéttarfélaga, deilda og iðnsveinafélaga sem bæði samböndin áttu aðild að. Stærstu félögin voru:

- Trésmiðafélag Reykjavíkur, formaður Grétar Þorsteinsson með 1209 félagsmenn.
- Félag járníðnaðarmanna, formaður Örn Friðriksson með 758 félagsmenn.
- Bílíðnaðafélagið, formaður Guðmundur Hilmarsson með 690 félagsmenn.

Fyrsti formaður Samiðnar var Grétar Þorsteinsson og varaformaður var Örn Friðriksson. Ekki gekk þrautalaust að velja formann því þeir Grétar og Örn lögðu hart hvor að öðrum að taka að sér formennskuna. Lausnin fólst í því að hlutkesti réði því hvor þeirra varð fyrir valinu. Til þess var notaður 10 krónu peningur og eins og áður segir kom það í hlut Grétars.

Sókn í stað samdráttar ýtt úr vör

Innflutningur á erlendu vinnuafli var að hefjast að fullum þunga á 10. áratugnum, ekki síst í málmiðnaði. Íslenskur skipasmíðaiðnaður var allnokkur en skortur var á íslenskum iðnaðarmönnum. Til að mæta skortinum var flutt inn vinnuafli frá Póllandi og kom það ekki síst í hlut málmiðnarmanna að gæta að hagsmunum þeirra bæði hvað varðaði laun og aðbúnað.



Einnig var harður slagur tekinn við stjórnvöld um að halda verkefnum í landinu en tilhneigingin var að leita út fyrir landsteinana með opinber verkefni þrátt fyrir að hér væri bæði þekking, hæfni og aðstaða til að framkvæma verkin.

Eitt af fyrstu verkefnum Samiðnar var að leiða verkefnið Sókn í stað samdráttar sem snerist um að halda verkefnum í landinu. Haldinn var þingfundur á Austurvelli en þar mættu 63 þingmenn og afgreiddu þingsályktun sem afhent var Davíð Oddssyni forsætisráðherra.

Eitt af fyrstu verkefnum Samiðnar var að leiða verkefnið „Sókn í stað samdráttar“ sem snerist um að halda verkefnum í landinu.



Með tiltölulega litlu fjármagni, 40 milljónum og öðrum stjórnvalds-aðgerðum sem bættu stöðu málmiðnaðarmanna í ójafnri samkeppni við erlenda aðila, niðurgreiðslur og kjarasamningum sem tóku mið af stöðu atvinnugreinanna, tókst að snúa vörn í sókn. Aðgerðirnar skiluðu auknum verkefnum í skipaðnaði, og önnur fyrirtæki, t.d. vélsmiðjur, þróðu og smíðuðu tæknibúnað í tengslum við verkefnin.

Beittu sér gegn einstaklingsverktöku

Um aldamótin færðist í aukana að starfsmenn væru ráðnir sem einstaklingsverktakar í stað þess að vera fastráðnir. Þessi óheillaþróun varð til þess að félagsmenn afsóluðu sér kjarasamningsbundnum réttindum; t.d. veikindarétti, orlofsrétti og uppsagnafresti. Samiðn beitt sér af hörku gegn þessari óheillaþróun bæði við gerð kjarasamninga og í samskiptum við stjórnvöld.

Sí-og endurmenntun

Á tíunda áratugunum komu fram auknar kröfur um umbætur í menntun iðnaðarmanna og ekki síst að auka sí-og endurmenntun. Lítið framboð var af endurmenntun fyrir iðnaðarmenn en margt að breytast í þeirra umhverfi bæði hvað varðaði efni og tækni. Félögin buðu fyrst fremst upp á kaupukanámskeið.

Bíliðnafélagið hafði frumkvæðið af því að bjóða félagsmönnum upp á fagleg námskeið. Mótuð var sú stefna að hætta með launatengd námskeið en leggja áherslu á að gera félagsmenn færari í starfi og skapa um leið meira starfsöryggi með aukinni hæfni og þekkingu.

Kjarasamningar og vinnuvernd

Þrátt fyrir samruna landssambanda innan ASÍ hélst aðskilnaður faglærðara og ófaglærðra. Kjarasamningar tóku mið af skipulaginu og voru aðskildir en töluverð umræða var um að gera samninga þvert á starfsgreinir og stéttarfélög þannig að allir sem ynnu á sama vinnustað tilheyrðu sama kjarasamningi. Ekkert varð úr slíku og er fyrirkomulagið mestu óbreytt 30 árum síðar þrátt fyrir að þróunin hafi verið í þá átt að skilin hafi þynnst. Iðnarmenn vildu að þeirra samningar tækju einnig til aðstoðarmanna en því hafnaði Starfsgreinasambandið. Þrátt fyrir andstöðuna varð það niðurstaðan að kjarasamningar Samiðnar tóku bæði til faglærða og aðstoðarmanna.

Mikilvægur hluti samruna MSÍ og SBM var að samræma kjarasamninga og gera einn aðalsamning við SA. Þetta gekk eftir í góðu samstarfi við SA og hefur sá samningur staðið sem grunnsamningur – lítt breyttur – allar götur síðan. Með sama hætti voru samningar við ríki og sveitarfélög samræmdir og sameinaðir í einn samning. Samiðn skapaði sér sérstöðu með því að leggja áherslu á kaupmátt launa en einblína ekki á launahækkar einar og sér.

Samiðn tók frumkvæði í vinnuverndarmálum enda var slysatíðni mjög há, t.d. í byggingariðnaði. Tekið var upp samstarf við Vinnueftirlit ríkisins og farið í stóráttak. Vinnustaðir um allt land voru heimsóttir þar sem farið var yfir vinnuaðstæður. Í framhaldinu voru haldnir fundir með starfsmönnum og stjórnendum og farið yfir hvað betur mætti fara.



Fleiri sameiningar

Skipulagsumræða er og hefur verið fyrirferðarmikil á vettvangi Samiðnar. Um aldamótin voru uppi hugmyndir um að sameina stærstu aðildarfélögin. Fram fór atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna Trésmiðafélags Reykjavíkur og Bíliðnfélagsins/Félags blikksmiða. Félagsmenn Trésmiðafélagsins höfnuðu sameiningu en félagsmenn Bíliðnaðarfélagið/Félags blikksmiða samþykktu. Tillaga um sameiningu var því felld.

Þann 12. apríl árið 2003 var FIT – Félag iðn-og tæknigreina stofnað með sameiningu Bíliðnaðarfélagins/Félags blikksmiða, Sunniðnar, Málarafélags Reykjavíkur, Félags byggingamanna í Hafnarfirði og Félags garðyrkjumanna. Í framhaldinu gengu fleiri félög til liðs við FIT, félög sem höfðu staðið utan Samiðnar.



Þrír áhrifamenn, Grétar Þorsteinsson, Þorbjörn Guðmundsson og Örn Friðriksson.

Úrsagnir

Félag járníðnaðarmanna ákvað árið 2004 að kanna áhuga á samruna við Félag vélstjóra. Áhugi reyndist vera meðal félagsmanna á sameiningu og var VM Félag vélstjóra og málmþækninga stofnað árið 2006. Ekki reynist áhugi hjá vélstjórum að eiga aðild að Samiðn og í framhaldinu yfirgaf Félag járníðnaðarmanna Samiðn.

Vera Félags hársnyrtisveina í Samiðn var ekki löng en félagið sagði skilið við Samiðn vegna óánægju með vinnubrögð.

Samiðn hefur frá upphafi verið karllægt samband. Fáar konur hafa verið í stjórn og var fulltrúi Félags hársnyrtisveina lengst af eina konan sem þar átti sæti. Væntanlega má rekja ástæðu brotthvarfsins til starfshátta og erfiðleika í samskiptum frekar en lítils ávinnings. Kjarasamningur Félags hársnyrtisveina var að nokkru leyti aðlagður að kjarasamningum Samiðnar sem leiddi til betri réttinda fyrir félagsmenn.

Á þessum 30 árum hafa fjórir formenn verið kosnir til að leiða Samiðn:

- Grétar Þorsteinsson, 1993 - 1996
- Örn Friðriksson, 1996 - 1998
- Finnbjörn A. Hermannsson, 1998 - 2013
- Hilmar Harðarson, 2013 -

Fjórir starfsmenn hafa borið hitann og þungann af daglegri starfsemi Samiðnar þeir: Helgi Arnlaugsson, Þorbjörn Guðmundsson, Elmar H. Hallgrímsson og Guðfinnur Þór Newman.

-Samantekið af Þorbirni Guðmundssyni.



Umgengni og leiguverð á orlofshúsum FIT

Hér að neðan eru mikilvæg atriði sem vert er að lesa áður en lagt er af stað í orlofshús /íbúð FIT.

- Ef eitthvað er í ólagi í húsinu, skemmist eða brotnar meðan á dvöl ykkar stendur þá látið skrifstofu félagsins vita sem fyrst í síma **535 6000**, eða sendið póst á netfangið **fit@fit.is**.
- Leigutaki þarf að sjá um að húsið sé vel þrifið við brottför. Ef frágangi eða annarri umgengni er ábótavant áskilur FIT sér rétt til að innheimta sérstakt gjald af leigutaka fyrir þrif. **Þrifagjald er að lágmarki kr. 25.000.**
- Ef um tjón eða skemmdir á húsbúnaði / eignum FIT er að ræða og kostnaður því samhliða, ber leigutaka að greiða fyrir slíkt.
- Reikningur fyrir þrifum og/eða skemmdum verður sendur félagsmanni og er gjaldfrestur reiknings 15 dagar. Sé reikningur ekki greiddur innan tiltekins frests verður reikningurinn sendur í innheimtu með tilheyrandi kostnaði fyrir félagsmanninn, jafnframt er lokað á aðgang viðkomandi félagsmanns að orlofsvefnum þar til viðkomandi hefur gert upp sín mál gagnvart félaginu.
- Félagsmenn FIT fá að hámarki fulla inneign í orlofshúsakerfi FIT vegna viðurkenndra kvartana á orlofshúsum/íbúðum FIT. Allar kvartanir þurfa að berast skrifstofu FIT svo fljótt sem verða má. Gott er að senda myndir til staðfestingar ef hægt er.

Leiguverðið á orlofshúsum í sumarúthlutuninni 2023 verður óbreytt. Við minnum því á að forsenda þess að hægt sé að leigja orlofshúsin út á jafn hagstæðu verði og raun ber vitni er að leigjendum sé treyst fyrir því að þrifa vel við brottför.

Umgengni

Snyrtimennskan borgar sig

Nú þegar það er búið að betrubæta umsjón með bústöðum FIT þá ætti það að vera liðin tíð að félagsmenn komi að óþrifalegum bústað. Það gerist samt sem áður að félagsmenn ganga ekki nægjanlega vel um og skila bústaðnum óhreinum. Ef umsjonarmenn í eftirliti verða varir við það þá er leigjanda sendur þrifreikningur.

Félagsmaðurinn getur núna hringt í umsjonarmann bústaðar og fengið bústaðinn þriffin gegn vægu gjaldi. Kappkostum að ganga vel um

Það er gaman að geta hrósað félagsmönnum FIT fyrir góða umgengni í orlofshúsum félagsins en því miður er það ekki algilt. Það eru því miður einstaka félagsmenn sem ganga ekki snyrtilega um eitur sínar og annarra félagsmanna með nægjanlega mikilli snyrtimennsku og virðingu.

Við eigum að kappkosta að ganga vel um, hvar sem við erum. Við skiljum ekki eftir rusl, matarleifar og óhreinindi í orlofsbústöðunum fyrir næstu félagsmenn, heldur göngum frá eftir okkur. Þetta er ekki flókið. Sýnum félagsmönnum og félaginu þá virðingu að ganga snyrtilega um.

Vissulega hefur fólk mismunandi „óhreinindastuðul“ en stundum er það bara þannig að fólk hefur hreinlega snúið frá og farið heim aftur frekar en taka við húsi sem er óþrifið, með mat í ofni, óhreint á borðum og ælu í sturtubotni. Þessi lýsing er sem betur fer sjaldgæf en hún er þó sönn. Hitt er allt of algengt að þrifið séu ekki nógu góð og ekki sé þvegið yfir gólf, líka þau sem ekki voru notuð, svo sem svefnloft. Það er einfaldlega þannig að alltaf safnast fyrir ryk og kusk þó herbergi eða svefnloft séu ekki notuð og því nauðsynlegt að strjúka yfir þau líka.

Allar umsóknir á orlofsvefnum

Eingöngu er hægt að sækja um á netinu. Þetta gildir fyrir alla orlofskosti sem sækja þarf um. Ef umsóknin vefst eitthvað fyrir fólki má senda tölvupóst á fit@fit.is eða fá upplýsingar í síma 535 6000.

Ekki er tekið við umsóknum í síma. Þegar sótt er um rafrænt þarf að innskrá sig með íslykli eða rafrænum skilríkjum og velja viðeigandi mánuð og tímabil í því húsi sem leigja á.

Félagsmenn eru hvattir til að sækja um sem flesta orlofskosti til að auka möguleika sína.

Sumarleiga orlofshúsa innanlands hefst föstudaginn 2. júní og lýkur 25. ágúst. Leigutímabil er frá kl. 16:00 á fimmtudegi til 12:00 næsta fimmtudags..

Ferðavagnar: Tjaldvagnar, fellihýsi og ferðabifreiðir.

Félagsmenn geta keypt sér afslátt vegna leigu á ferðavagni á orlofsvef FIT. Hægt er að sækja um ferðavagnaafslátt sem einn af orlofskostum þegar sótt er um rafrænt á orlofshúsasíðu, þegar opnað er fyrir umsóknir á orlofssíðu FIT. Þessi orlofskostur lítur sömu reglum og leiga á orlofshúsum FIT.

Í boði verða 30 ferðavagnaafslættir og kostar 5.000 krónur og 20 orlofspunkta að fá 25.000 króna afslátt á leigu. Hver félagsmaður getur einungis keypt einn afslátt. Þegar búið er að greiða fyrir afsláttinn á orlofsvefnum fær félagsmaður sent skjal sem þarf að prenta út og senda ásamt leigusamning á fit@fit.is og verða þá greiddar 25.000 krónur inn á reikning félagsmanns.

Uppfylla þarf eftirfarandi skilyrði:

- Leigusamningur þarf að vera á nafni félagsmanns.
- Leigusali þarf að vera skráður og starfandi ferðavagnaleiga.
- Leigutími á leigusamningi þarf að vera að lágmarki 6 dagar.

Ferðatilboð. Líkt og undanfarin sumur verður boðið uppá 30 ferðatilboð sem hægt verður að nýta hjá Úrval-Útsýn eða Sumarferðum. Kaupa þarf ferðatilboð í miðasölu á orlofsvef FIT og greiða kr. 5.000.- en í staðinn fæst afsláttarkóði upp á kr. 35.000.- sem sleginn er inn við kaup á ferð hjá annarri hvorri ferðaskrifstofunni. Afslátturinn gildir í ferðir á tímabilinu maí til september. Athugið að þeir sem kaupa ferðaávisun geta ekki fengið forgangsúthlutun í orlofshús. Teknikir eru 26 orlofspunktar af orlofsreikningi félagsmanns ef keypt er ferðaávisun.

Opnað verður fyrir sölu mánudaginn 6. febrúar og gildir strax að fyrstur kemur, fyrstur fær. Aðeins 30 ferðaávisanir eru til sölu.

Ferðaávisun. Ferðaávisun er inneign, sem félagsmenn geta notað til að greiða fyrir gistingu hjá einhverjum af fjölmörgum samstarfsaðilum okkar. Þú ert ekki skuldbundinn til að nota ávisunina á tilteknu hóteli/gistiheimili, eftir að hún hefur verið keypt. Upphæðina getur þú notað hjá hvaða samstarfsaðila okkar sem er.

FIT niðurgreiðir hverja keypta inneign um 20% af að hámarki kr. 15.000 á hverju almanaksári.



Miðasala. Minnum einnig á að á „miðasala“ á orlofsvef FIT verður hægt að kaupa, veiðikortið, útilegukortið og afsláttarmiða í flug ásamt fleiru ef samningar takast um góð kjör.

Afslættir til félagsmanna. Munið að taka kortið með í friið, því að félagsskirteinið veitir afsláttarkjör í mörgum fyrirtækjum um allt land gegn framvísun þess. Hægt er að kynna sér alla afsláttarmöguleika með því að fara inn á heimasíðu FIT, **mínar síður** og velja afslættir.

Húsið í Orlando. Opnað verður fyrir leigu á húsinu í Orlando á Flórída fyrir árið 2023, miðvikudaginn 1. mars n.k. kl.13:00 til félagsmanna FIT. Minnt er á að húsið rúmar 12 manns og sólarhringsleigan verður kr. 12.000.- auk þrífagjalds kr. 15.000.- fyrir hverja leigu. Staðgreiða þarf leiguna en bókanir og greiðsla er á orlofsvef FIT. Leiga hefst kl. 16:00 á komudag og lýkur kl. 10:00 að morgni brottfarardags.

LOKAÐ verður til 9. mars á bókanir þeirra sem hafa áður leigt húsið í Orlando.

Þannig er þeim sem aldrei hafa leigt húsið veittur forgangur í 1 viku fram yfir þá sem áður hafa leigt.

Húsið í Orlando: Opnað er fyrsta virkan dag í mars kl. 13:00 og þá er opnað fyrir næsta ár á eftir. Dæmi: 1. mars 2023, er opnað fyrir allt árið 2024.

Til að fá lykklakóða afhentan að húsinu í Orlando þarf leigjandi að framvísa flugmiða til Bandaríkjanna, sem sýnir veru hans þar á sama tíma og hann er að leigja húsið. Þetta er gert til að tryggja að leigjandinn í hverju tilfelli sé sjálfur að fara í húsið.



Sumarútleiga orlofshúsa 2023

Mánudaginn 13. febrúar er opnað fyrir umsóknir á orlofshúsasíðu FIT þar sem hægt er að sækja um sumarúthlutun.

Mánudaginn 27. febrúar er lokað fyrir umsóknir um sumarúthlutun.

Föstudaginn 3. mars eiga allir að hafa fengið svar við orlofsumsókn sinni.

Mánudaginn 13. mars lýkur greiðslufresti þeirra sem hafa fengið úthlutað.

Miðvikudaginn 15. mars klukkan 13:00 eru ógreiddar og úthlutaðar vikur settar á orlofsvefinn og þá gildir „fyrstur kemur, fyrstur fær“.

Golf

Golfáhugamenn sem dvelja í eftirfarandi orlofsbústöðum FIT geta nýtt sér þessi fríðindi;

Úthlíð og Bláskógabyggð; Spilað frítt á Úthlíðarvelli þann tíma sem þeir dvelja í bústöðum FIT. Aðgangskortið gildir fyrir 4 spilara á dag hjá Golfklúbbnum Úthlíð. Allar upplýsingar í síma 699 5500. Aðgangskortið gildir fyrir bústaðina; Skógarás 1, Kónsvegur 1, Kónsvegur 3, Heiðarbraut 8 og Heiðarbraut 10.

Borgarbraut 38 Stykkishólmi; Spilað frítt á Víkurvelli í Stykkishólmi. Aðgangskortið gildir fyrir 4 spilara á dag hjá Golfklúbbnum Mosa. Allar uppl. í síma 438-1075. Víkurvöllurinn er rétt hjá orlofshúsi FIT

Öndverðarnes; Fengið 50% afslátt af vallargjöldum Golfklúbbs Öndverðarness eins og þau eru hverju sinni. Skilyrði er að bókað sé á vefnum golf.is Aðgangur gildir fyrir 6 spilara frá hverju húsi. Framvísa skal leigusamningi í golfskála og félagsskírteini FIT. Aðgangur að Öndverðarnesvelli gildir fyrir bústaðina; Grjóthólsbraut eitt til fjögur og Réttarhólsbraut 40.



Gæludýr

Gæludýraeigendur hafa leyfi til að nýta sér tvö orlofshús FIT til samveru með sínum gæludýrum. Orlofshúsin sem um ræðir þar sem gæludýr eru leyfð eru **Kiðárbotnar í Húsafelli og Skógarás í Úthlíð**. Vinsamlegast athugið að lausaganga hunda er ekki leyfð á svæðinu. **Fólki með ofnæmi fyrir dýrum er ráðlagt að fara ekki í þessa bústaði.**





Sumarhúsin í Skorradal eins og ný

„Ég er bara þrælmontinn af þessu og ánægður með hvernig til tókst,“ segir málameistarinn Georg Óskar Ólafsson, umsjónarmaður orlofshúsa hjá FIT. Hann hefur staðið í ströngu undanfarið við að gera upp tvö orlofshús félagsins í Fitjahlíð í Skorradal. Annað húsið er tilbúið til útleigu en Georg stefnir á að ljúka uppgerð hins hússins þegar líður á febrúarmánuð. Fyrir vorið stendur svo til að klæða bæði húsin að utan.

Heitir pottar höfðu verið settir upp við bæði húsin fyrir ekki svo löngu auk þess sem veglegur stigi – mikið mannvirki að sögn Georgs – var reistur að efra húsinu. Við það batnaði aðgengi að húsinu til muna.

Í vetur hefur Georg svo verið að gera upp húsin að innan. „Við mokuðum öllu út, öllum húsgögnum og húsbúnaði. Við uppfærðum eldhúsinnréttinguna; settum nýja borðplötu og vask. Það eru ný gólfefni í öllum rýmum allt er nýmálið. Baðherbergið var klætt að innan, með sérhönnuðum plötum fyrir slík rými, og nýr sturtuklefi og innrétting sett upp. Við endurnýjuðum öll húsgögn og annan búnað, allt frá vöfflu-járni að útigrilli,“ útskýrir Georg, sem naut aðstoðar smíðs við sum verkin – sem og aðstoðarmanns síns.

Hann bendir á að í húsunum hafi verið innsmíðuð rúm frá bernsku-árum þessara húsa og kaja. Þau voru rifin út. „Húsin voru átta manna en eftir þessar breytingar eru í húsinu þrjú tvíbreið rúm. Þau eru því sex manna í dag en fólk getur svo komið með dýnur ef það vill bæta við,“ útskýrir hann.

Heimilistækin í húsunum voru nýleg; ísskápur, uppþvottavél og eldavél en segja má að allt annað sé nú nýtt. Skipt var um gler í þeim gluggum sem tími var kominn á. „Þegar maður skoðar fyrirmyndirnar og ber þær saman við daginn í dag þá trúir maður varla að þetta hafi verið í útleigu,“ segir hann að lokum.





Byrjaðu með Birtu í dag!

FJÁRFESTU Í ÞÉR



birta.is



BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR